

Umhverfisstefna Bílaumboðsins Öskju

Askja leitast eftir að vernda umhverfi sitt og hefur því markað sér eftirfarandi stefnu

Askja vill vera leiðandi á sviði umhverfismála og hefur hafið innleiðingu á ISO 14001 staðlinum og er áætlað að Askja fái vottunina vorið 2020. Á sama tíma er Askja með gæðavottun BGS og um leið uppfyllir Askja staðla framleiðenda sem taka á umhverfismálum, förgun, umgengni um spilliefni og aðbúnað starfsfólks.

Sem hluta af þessari stefnu þá vinnur Askja eftir eftirfarandi:

- Við tökum tillit til umhverfismála í starfsemi okkar
- Við munum tryggja að öllum lagakröfum á sviði umhverfismála sé fullnægt
- Við innleiðum ISO 14001 staðalinn og bætum stöðugt virkni umhverfisstjórnunarkerfisins
- Við viljum efla umhverfisvitund starfsfólks. Það gerum við með þjálfun, leiðbeiningum og virku innra starfi
- Við tryggjum öryggi starfsfólks
- Við endurvinnum og förgum öllu á viðeigandi hátt
- Við rýnum umhverfisstjórnkerfi okkar árlega og setjum okkur ný og krefjandi markmið
- Við leitumst eftir því að halda pappírnotkun í lágmarki

Á árinu 2019 opnað Askja nýtt og glæsilegt húsnæði fyrir KIA á Krókhálsi 13.

Umhverfissjónarmið voru höfð í huga við byggingu hússins og má nefna að öll raforkunotkun hússins er vottuð Græna Ljósinu frá Orkusölnunni sem er staðfest sem endurnýjanleg með upprunavottorðum. Þá hafa Askja og Reykjavíkurborg gengið frá samkomulagi um tilraunaverkefni til 2ja ára um sérstaka settjörn sem staðsett verður í borgarlandinu neðan við húsið og er hugsuð til að tryggja að allt regnvatn sem fellur á bílastæði sé hreint áður en það fer aftur út í jarðveginn. Þetta verkefni er unnið í samvinnu Öskju og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Sjá nánar: https://reykjavik.is/sites/default/files/USK/Skipulag/2018/krokhals_13_settjorn_9-8-2018.pdf

Reykjavík, 6. mars 2019

Jón Trausti Ólafsson

Kt. 090574-5669

Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri